

Fundargerð 43. fundar í stjórn Þróunarfélagsi Keflavíkurflugvallar 11. febrúar, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.
Pálmar Guðmundsson, verkefnastjóri ÞK og Snorri Páll Snorrason frá Almennu verkfræðistofunni komu inn á fundinn undir lið nr. 2.

1. Sjúkrahúsverkefni

Framkvæmdastjóri skýrði fyrir stjórn að bréf hafi borist frá Iceland Healthcare varðandi að fjármögnun þess félags fyrir 1. áfanga sjúkrahúsverkefnis á Ásbrú sé lokið.

Stjórn samþykkti stofnun fasteignafélagsins Seltún, sem er við stofnun 100% eigu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar.

Stjórn Þróunarfélagsins samþykkti að í stjórn hins nýja félags skuli sitja fyrir hönd Þróunarfélagsins Páll Sigurjónsson, kt. 050831-2219 og Ásbjörn Jónsson, kt. 201059-5269. Framkvæmdastjóri félagsins verður Kjartan Þór Eiríksson, kt. 301072-4229. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins fara með prókúru hins nýja félags.

2. Mengunarmál

Pálmar Guðmundsson og Snorri Páll Snorrason fóru yfir stöðu mengunarmála á gamla varnarsvæðinu og aðgerðir þeim tengdum.

Farið var yfir opnun tilboða í Urðunarstað við Smiðjutröð í Reykjanesbæ þann 2. febrúar 2010. Eftir er að yfirfara tilboðin og kalla eftir nánari gögnum.

3. Önnur mál

Prókúra fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.
Stjórn félagsins samþykkir að veita stjórnarformanni Þróunarfélagsins, Páli Sigurjónssyni, prókúru.

Næstu fundir stjórnar.

Næstu fundir stjórnar Þróunarfélagsins eru ákveðnir 2. fimmtudag í mars og apríl, þann 11. mars og 8. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon
Reynir Ólafsson